

STJÓRNARTÍÐINDI A 14 — 1980

23. júní 1980.

281

Nr. 63.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breytingu á lögum nr. 15/1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966
um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun
og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér að vegna niðurgreiðslna erlendis á fóðurvörum og þess ástands sem við er að fást í framleiðslu og markaðsmálum landbúnaðarins, beri brýna nauðsyn til að setja bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 15/1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

Fjórða málsgrein a) liðar 1. gr. orðist svo:

Heimilt er að ákveða sérstaklega með reglugerð rétt þeirra, sem hefja búskap, draga saman búvöruframleiðslu eða hætta búskap. Enn fremur þeirra, sem hafa mikinn fjármagnskostnað vegna byggingaframkvæmda, sem teknar hafa verið í notkun 1976 eða síðar.

2. gr.

Fyrsta málsgrein b) liðar 1. gr. orðist svo:

Að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður. Gjaldið má vera allt að 200% á innkaupsverð vörunnar. Heimilt er að endurgreiða framleiðendum gjaldið að hluta eftir reglum, sem framleiðsluráð ákveður. Er m. a. heimilt að ákveða mismunandi endurgreiðslu eftir innlögðum afurðum, eftir bústærð, eftir landshlutum og eftir búgreinum í einstökum landshlutum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsg. b) liðar 1. gr., er landbúnaðarráðherra heimilt við gildistöku laga þessara að ákveða að leggja gjald á innflutt kjarnfóður, þótt ákvörðun fulltrúafundar Stéttarsambands bænda um það efni liggi ekki fyrir.

Gjört að Bessastöðum, 23. júní 1980.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Pálmi Jónsson.

Stjórnartíðindi A 14, nr. 63. Útgáfudagur 23. júní 1980.